

## 65. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

9. 3. 2016 kl. 8:15

Fundarstjórn: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Ritari: Þorvarður Árnason

Mætt: Eyjólfur Guðmundsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Þorvarður Árnason, Hrafnkell Guðnason, Davíð Arnar Stefánsson og Olga Ingólfssdóttir

Efni:

- Davíð gerði grein fyrir stöðu verkefna.
  - Lifandi Kennslustofa: Hópur um verkefnið hittist mánudaginn 7. mars og ræddi næstu skref. Hugrún Harpa Reynisdóttir hefur verið skipuð verkefnastjóri yfir verkefninu.
  - Impact: Unnið er að umsókn fyrir verkefnið til Erasmus+ ásamt samstarfsfélögum CFL í Svíþjóð og ITU í Írlandi. Frestur til að skila umsóknum 31. mars.
  - Kennslueldhús og Matarsmiðjan: Eyjólfur og Davíð heimsóttu Menntaskólann í Kópavogi og kynntu sér menntun í matvælagreinum. Jafnframt funduðu þeir með fagdeildarstjóra og skólameistara MK um mögulegt samstarf um nám og námsframboð. Þeir félagar fengu góðar viðtökur og ljóst að MK er góður bandamaður sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu ef af verkefninu verður. Þessu tengt, þá hafa Eyjólfur, Ragnhildur og Davíð fundað með fulltrúum frá Matís um þátttöku stofnunarinnar í verkefninu. Þeir voru áhugasamir um verkefnið og vilja vinna því brautargengi. Í samtalini kom einnig fram sú hugmynd að Nýheimar taki við rekstri Matarsmiðjunnar á Höfn og hefur forstjóra stofnunarinnar verið sent erindi svo hljóðandi. Beðið er svara.
  - Starfamessa: Unnið er að starfamessu á Höfn á árinu þar sem fyrirtæki á svæðinu kynna starfsemi sína annars vegar, og íbúar á Höfn fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttu atvinnulífi í Hornafirði. Ragnhildur sendi umsókn til Vinnumarkaðsráðs og hlaut styrk fyrir verkefninu sem nemur 400 þús. Jafnframt hefur SVH samþykkt að veita verkefninu samsvarandi styrk. Áætlað er að starfamessan verði haldin 28. apríl og Hugrún Harpa Reynisdóttir fengin til verkefnastjórnar (síðan þá hefur viðburðurinn fengið heitið Starfastefnumót og hefur dagsetningin verið flutt til 8. sept.).

- LUV: Námskeiða- og fræðsluhluti verkefnisins stendur nú yfir. Mikil aðsókn var að verkefninu (uþb. 30 þáttt. á grunnskólastigi og 12 á framhaldsskólastigi) sem hefur tekist vel til þessa. Annarri áfangaskýrslu vegna verkefnisins verður skilað til Byggðastofnunar þann 4. apríl.
- OF: Verkefnið á lokastigum og um þessar mundir standa yfir handbókarskrif. Loka verkefnafundur verður haldinn í Rúmeníu í lok maí og munu Margrét Gauja og Davíð sækja fundinn.
- Fyrirhuguð er heimsókn frá Kirkjubæjarstofu og Kirkjubæjarklaustri til að ræða sameiginleg viðfangsefni og möguleg sameiginleg verkefni þann 18. mars (síðan þá hefur fundinum verið frestað fram yfir pásku). Þátttakendur frá Klaustri verða að öllu óbreyttu: Ólafía Jakobsdóttir frá Kirkjubæjarstofu, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Orri Páll Jóhannsson frá Þjóðgarðinum. Forstöðumanni er falið að móta dagskrá fundarins í samvinnu við gestina.
- Kristín lagði til að skipaður yrði ný Umhverfisnefnd/-ráð Nýheima. Fram komu hugmyndir um umhverfisstefnu og leiðbeiningar þeim tengdum, t.a.m. við sorpflokkun. Jafnframt komu fram hugmyndir um að Hugrún Harpa yrði starfsmaður nefndarinnar. Ræða þarf við Hugrúnu. Einnig að Tiltektardagur Nýheima fari fram 18., 19. eða 20 apríl (síðan þá hefur verið ákveðið að Tiltektardagurinn verði 18. apríl).

#### Önnur mál

Rætt um að nú sé unnið að uppsetningu á nýju hljóð- og myndkerfi í húsinu. Búist er við að framkvæmdum ljúki fyrir pásku.

